

Sveitarstjórn Árneshrepps,
B.T. Boga Kristinssonar skipulagsfulltrúa,
Búðardal.

Reykjavík 16.okt.2017

Vegna auglýsingar sveitarstjórnar Árneshrepps á tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi hreppsins vegna Hvalárvirkjunar.

Ég geri eftirfarandi athugasemd við auglýstar breytingar á aðal- og deiliskipulagi Árneshrepps sem íbúi í Norðurfirði og atvinnurekandi við strandveiðar í Norðurfjarðarhöfn:

Samkvæmt auglýstum skipulagsbreytingum er áætlað að hefja vegagerð og boranir á Ófeigsfjarðarheiði vegna rannsóknarvinnu varðandi fyrirhugaða Hvalárvirkjun. Ég sé mikla annmarka á auglýstu skipulagi þar sem ekki er útlitað hvernig höfn skal nýtt samfara þeirri vinnu, uppskipun á tækjum og öðru er þurfa kann við framkvæmdirnar og hvaða áhrif það mun hafa á almennt hafnarstarf. Einnig vil ég vita sem íbúi við höfnina hversu mikil umferð og rask verður almennt við heimili mitt vegna þessara framkvæmda.

Ég sé ekki hvernig hægt er að samþykkja þessar skipulagsbreytingar án þess að fjallað sé ítarlega um hvaða áhrif framkvæmir sem munu fylgja í kjölfar samþykkis sveitarstjórnar á þeim mun hafa á strandveiði (atvinnurekstur á svæðinu) sem og á daglegt líf íbúa. Ég óska því eftir að ákvörðunartaka sveitarstjórnar um þessar skipulagsbreytingar bíði þar til framkvæmdaaðili hefur gert ítarlega grein fyrir þessum áhrifum.

Elín Agla Briem
Kaupfélagshúsinu í Norðurfirði
524 Árneshreppi